

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## Starfsleyfisskilyrði fyrir setlaugar og iðulaugar

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Setlaug: Laug eða ker, hitastig vatnsins er á bilinu 34°C - 44°C.  
Iðulaug: Laug þar sem lofti er dælt í laugarvatnið
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Um gæði neysluvatns gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

### 2. Húsnæði

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.4 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.5 Viðskiptavinir skulu eiga greiðan aðgang að búnings- og baðaðstöðu, salerni og handlaug með sápulegi og einnota handþurrkum. Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m<sup>2</sup> og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.

### 3. Hreinlæti

- 3.1 Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Húsnæði og öll aðstaða skal þrífín daglega eða oftar eftir þörfum. Allsherjarhreingeringu skal gera a.m.k. árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Þrifa skal setlaugar og umhverfi þeirra reglulega. Við þrif er nauðsynlegt að nota efni sem henta hverju sinni t.d. vegna útfellinga sem geta myndast við blöndun á jarðhitavatni og köldu vatni.
- 3.4 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.5 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæðið.
- 3.6 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar sér þjónustu.

### 4. Heilnæmi vatnsins

- 4.1 Vatn í setlaugum skal hreinsað og sóttgreinsað á viðurkenndan hátt samkvæmt ákvæðum í reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- 4.2 Frían og bundinn klór ásamt sýrustigi skal mæla og skrá a.m.k. tvisvar á dag. Magn frís klórs og bundins klórs og sýrustig skal vera í samræmi við III. viðauka reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

## 5. Öryggi og slysavarnir

- 5.1 Setlaugar á lóðum íbúðar- og frístundahúsa skulu búnar læsanlegu loki, til að hylja þær með þegar þær eru ekki í notkun, eða öðrum búnaði til varnar slysum.
- 5.2 Umhverfis setlaugar skal vera 1 metra hátt handrið, þannig frágengið að ekki sé hætt á að börn geti dottið í setlaugina.
- 5.3 Stærð og lögun niðurfallsrista og rista yfir útsogsopum skal vera þannig að ekki sé hætt á að fólk geti sogast fast við þær. Til að tryggja slíkt þurfa ristar að hafa það stórt flatarmál að mannslíkami geti ekki undir neinum kringumstæðum lokað niðurfallsrist. Einnig getur lögun ristarinnar verið þannig að ekki sé hægt að festast við hana, t.d. kúpt eða sögi álíka mikið til hliðar og að framan. Göt á niðurfallsrist og útsogsristum mega ekki vera stærri en 8 mm.
- 5.4 Sérstaka varúð skal viðhafa vegna hálfu við útilaugar, æskilegt er að gönguleiðum sé haldið frostfríum. Flísar sem notaðar eru á laugarbökkum, steypiböðum og þar sem við á skulu uppfylla kröfur um hálfuviðnám og þær skal vera auðvelt að þrifa.
- 5.5 Gerð er krafa að starfsmenn geti veitt skyndihjálp ef slys verður.
- 5.6 Innstreymi í laugar og vatn í sturtum skal ekki vera heitara en 55°C þegar það er tekið til blöndunar með köldu vatni og skal það tryggt með segulrofa eða sambærilegri lausn.
- 5.7 Hitastig í setlaug skal greinilega merkt og skal hitastig ekki fara yfir 44°C. Skal hitastig koma fram á skilti við setlaugina og ábendingum um að löng viðvera í setlaug getur verið hættuleg.
- 5.8 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað. Fyrirtæki sem voru með gilt starfsleyfi 10. janúar 2003 hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla kröfu um vatnshita.
- 5.9 Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn og óvitar ná ekki til. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.

## 6. Umhverfismál

- 6.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið
- 6.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 6.3 Við hreinsun og losun vatns úr setlaugum skal fara að ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- 6.4 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 6.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð nr. 457/98 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 441/1998. Reglur Vinnueftirlits ríkisins um niðurfallsristar og útsogsop setlauga.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):** 93.05.01 Önnur ótalin persónuleg þjónustustarfsemi.